

Upplýsingar um flokkun viðskiptavina

ALMENNIR FJÁRFESTAR

Viðskiptavinir sem flokkaðir eru sem almennir fjárfestar njóta fullrar verndar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Í þessu fellst meðal annars að Virðing mun veita viðskiptavinum í þessum flokki upplýsingar um Virðingu og þá þjónustu sem Virðing býður upp á, þá fjárfestingakosti sem eru í boði og þá áhættu sem fylgir þeim og þau gjöld og þóknanir sem fylgja hverjum fjárfestingakosti. Þegar Virðing veitir almennum fjárfestum þjónustu í formi fjárfestingaráðgjafar fer fram mat á því hvort að tiltekin tegund fjármálagerninga sé samrýmanleg hagsmunum viðskiptavina. Lagt er mat á þekkingu og fjárhagslegan styrk viðskiptavina, auk markmiða með viðskiptunum.

Feli þjónusta Virðingar í sér annars konar þjónustu tengda verðbréfavíðskiptum en fjárfestingaráðgjöf mun Virðing leggja mat á þekkingu og reynslu viðskiptavina í því skyni að meta hvort að þeir búi yfir nauðsynlegri vitneskju til að bera skynbragð á þá áhættu sem kann að fylgja viðskiptunum. Þá er vakin athygli á því að almennum viðskiptavinum er heimilt að óska eftir því við Virðingu að verða flokkaðir sem fagfjárfestar. Við slíka flokkun afsala viðskiptavinir sér að hluta þeim réttindum og vernd sem þeir ella njóta samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Til þess að slík beiðni verði tekin til greina verða viðskiptavinir að veita Virðingu frekari upplýsingar og er slík flokkun háð samþykki Virðingar.

FAGFJÁRFESTAR

Með fagfjárfestum er átt við þá viðskiptavini sem almennt er litið á að búi yfir þeirri reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að þeir geti sjálfir tekið ákvarðanir um fjárfestingar sínar og metið þá áhættu sem þeim fylgir. Virðing mun þannig almennt ekki leggja mat á þekkingu og reynslu viðskiptavina í þessum flokki þegar þeim er veitt verðbréfaþjónusta.

Fjárhagslegur styrkur viðskiptavina í þessum flokki er metinn þegar þeim er veitt fjárfestingaráðgjöf og eignastýring. Um er að ræða viðskiptavini sem flokkaðir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli beiðnar um slíkt. Viðskiptavinir í þessum flokki geta óskað eftir því að vera færðir í flokk almennra fjárfesta og öðlast við það talsvert meiri vernd (samanber að framan). Að sama skapi geta fagfjárfestar óskað eftir því að vera færðir í flokk viðurkenndra gagnaðila og við það misst hluta þeirrar verndar sem þeir njóta sem fagfjárfestar. Slík flokkun er háð mati og samþykki Virðingar.

VIÐURKENNDUR GAGNAÐILI

Þeir viðskiptavinir sem falla í þennan flokk njóta minnstu verndar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Á því er byggt að þeir hafi mestan fjárhagslegan styrk, reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu af öllum viðskiptavinum og þurfi þar af leiðandi ekki á jafn mikilli vernd og leiðsögn að halda og t.d. almennir fjárfestar. Viðskiptavinum í þessum flokki er frjálst að óska eftir því að skipta um flokk og njóta aukinnar verndar, annað hvort sem fagfjárfestar eða almennir fjárfestar.

Hafi viðskiptavinur áhuga á því að kanna möguleika sína á því að færa sig á milli flokka er honum bent á að hafa samband við Virðingu í síma: 520 9800 eða með tölvupósti á netfangið: virding@virding.is.